



STARFSÁÆTLUN HÁSKÓLARÁÐS 2017-2018

Yfirlit fyrir háskólaráð um framkvæmd og stöðu starfsáætlunar ráðsins sem samþykkt var á fundi þess 5. október 2017

FORSENDUR

Eitt viðamesta verkefnið í starfsemi Háskóla Íslands er innleiðing og framkvæmd stefnu skólans. Í núverandi stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021* eru tilgreind fjölmörg markmið og aðgerðir á sviði náms og kennslu, rannsókna, virkrar þátttöku í samfélagi og atvinnulífi og mannauðs. Af eðli máls leiðir að hún er, auk fjárhagsrammans sem Háskólanum er settur, mikilvægasta forsenda starfsáætlunar háskólaráðs.

Hér að neðan eru tiltekin áherslumál starfsáætlunar háskólaráðs starfsárið 2017- 2018 og stöðu þeirra lýst (auðkennt með rauðu letri):

1. FJÁRMÁL

- Gerð fimm ára fjárhagsáætlunar fyrir Háskóla Íslands.
Ábyrgð: Rektor og háskólaráð, fjármálanefnd háskólaráðs.

Vinna nefndar á vegum rektors hefur einkum farið í undirbúning og þróun mannaflaáætlunar sem er mikilvægur grundvöllur fjárhagsáætlunar til lengri tíma, enda liggur fyrir að laun eru um 70-80% af útgjöldum Háskólans. Tillaga um málsmeðferð við gerð mannaflaáætlunar verður lögð fyrir háskólaráð 7. júní 2018.

- Bætt fjármögnun Háskóla Íslands.
Ábyrgð: Rektor og háskólaráð, fjármálanefnd háskólaráðs.

Hefur gengið eftir í fjárlögum Alþingis fyrir árið 2018 og í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2019-2023 er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu fjárveitinga til háskólastigsins.

- Endurskoðun reiknilíkans vegna kennslu.
Ábyrgð: Rektor og háskólaráð, fjármálanefnd háskólaráðs.

Vinna við endurskoðun reiknilíkans á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis stendur yfir. Samráð hefur verið haft við háskóla landsins. Áfangaskýrsla starfshóps ráðuneytisins um endurskoðun reiknilíkans er væntanleg í sumar.

2. STJÓRNUN

- Lúkning og eftirfylgni úttektar á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Niðurstöður kynntar í háskólaráði og á háskólapingi 19. október (HÍ21).
Ábyrgð: Skýrsluhöfundar, rektor, háskólaráð.

Tveimur af þremur áfangaskýrslum er lokið og er sú þriðja og síðasta væntanleg. Þegar hefur verið ráðist í ýmsar breytingar skv. ábendingum og tillögum í skýrslunum, s.s. ráðningu tveggja aðstoðarrektora, skilgreiningu starfs framkvæmdastjóra miðlægrar stjórnsýslu, stofnun nýs upplýsingatækniáviðs, ráðningu í starf gæðastjóra og eflingu miðlægrar lögræðiþjónustu.

- Samþætting og þróun upplýsingatæknikerfa (HÍ21).
Ábyrgð: Sviðsstjóri upplýsingatækniáviðs.

Nýtt upplýsingatækniávið hefur verið sett á laggirnar á grunni Reiknistofununar HÍ sem lögð hefur verið niður og starfsemi endurskipulögð. Áherslur hins nýja sviðs verða á betri gögn (upplýsingatækni nýtist sem stjórnþæki, draga úr tvískráningu), betri kerfi (einfalda, styrkja og samræma upplýsingakerfi), betri þjónustu (samþætting upplýsingatækni og verklags í stjórnsýslu, stuðningur við rannsóknastarf, stuðningur við nám og kennslu, færa þjónustu nær notandum) og betri innkaup (samræming, útboð, sveigjanleiki).

3. HÚSNÆÐIS- OG SKIPULAGSMÁL

- Mótun heildstæðrar stefnu um skipulag og uppbyggingu háskólasvæðisins (HÍ21).
Ábyrgð: Rektor og háskólaráð, sviðsstjóri framkvæmda- og tækniáviðs.

Sett var á laggirnar ný skipulagsnefnd háskólasvæðisins, sem er ein af fastanefndum háskólaráðs og skipunarbréf samþykkt í háskólaráði. Minnisblað um starf nefndarinnar og framtíðaráherslur verður lagt fyrir háskólaráð 7. júní 2018.

- Uppbygging Vísindagarða Háskóla Íslands og samþætting við aðra starfsemi Háskólans (tengist mótun heildstæðrar stefnu um skipulag og uppbyggingu háskólasvæðisins, sbr. hér að framan). Rektor og háskólaráð, fjármálanefnd háskólaráðs (HÍ21)
Ábyrgð: Rektor, sviðsstjóri framkvæmda- og tækniáviðs, stjórn Vísindagarða.

Áfram hefur verið unnið að þróun og uppbyggingu Vísindagarða HÍ. Bygging fyrir höfuðstöðvar tölvuleikjafyrirtækisins CCP er að rísa og verður í húsinu aðstaða fyrir sprotafyrirtæki undir heitinu Gróska. Til að tryggja samþættingu Vísindagarða HÍ og annarrar starfsemi HÍ situr einn fulltrúi í skipulagsnefnd háskólasvæðisins í stjórn Vísindagarða, auk þess sem framkvæmdastjóri Vísindagarða er áheyrnarfulltrúi í skipulagsnefnd. Vísindagarðar HÍ og Reykjavíkurborg gerðu í desember 2017 með sér samkomulag um svokallaða randbyggð norðan Hringbrautar sem var lagt fram til upplýsingar í háskólaráði 11. janúar sl. Samkomulagið kveður á um að Vísindagörðum HÍ sé falin skipulagning og uppbygging á þremur byggingareitum. Mögulegt byggingarmagn er um 15 þús.m². Loks er nú verið að reisa stúdentagarða á lóð Vísindagarða HÍ, sbr. samkomulag á milli HÍ og Reykjavíkurborgar, dags. 2. mars 2016.

- Hús íslenskra fræða. Nýtt aðsetur Íslensku- og menningardeildar.

Ábyrgð: Rektor, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, forseti Hugvísindasviðs.

Í fjárlögum 2018 og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2019-2023 er gert ráð fyrir fjárveitingum til byggingar Húss íslenskra fræða sem jafnframt mun hýsa starfsemi Íslensku- og menningardeildar HÍ og stendur Happraætti Háskóla Íslands (HHÍ) undir hluta byggingarkostnaðar. Gert er ráð fyrir að hreyfing komist á málið á síðari hluta ársins 2018.

- Aðstaða heilbrigðisvísindagreina í tengslum við byggingu nýs Landspítala við Hringbraut (HÍ21).

Ábyrgð: Rektor, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, forseti Heilbrigðisvísindasviðs.

Unnin hefur verið ítarleg þarfagreining fyrir aðstöðu fyrir heilbrigðisvísindagreinar í tengslum við byggingu nýs Landspítala við Hringbraut og var hún kynnt á fundi háskólaráðs 1. Febrúar sl. Á vettvangi stýrihóps HÍ og LSH er starfræktur sameiginlegur starfshópur um húsnæðisþarfir. Í áætlun um ráðstöfun happraættisfjár HHÍ er gert ráð fyrir framlagi til byggingarinnar. Þá var rektor HÍ skipaður í nýtt samstarfsráð um Landspítalaverkefni í apríl sl. sem velferðarráðherra setti á fót.

- Flutningur Menntavísindasviðs á háskólasvæðið (HÍ21).

Ábyrgð: Rektor, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, forseti Menntavísindasviðs.

Að svo stöddu er ekki fyrir séð hvenær af flutningi Menntavísindasviðs á háskólasvæðið getur orðið, en rektor mun halda áfram að leggja áherslu á málið og ræða það við stjórnvöld. Nýr forseti Menntavísindasviðs sem við tekur 1. júlí nk. leggur áherslu á framgang þessa máls.

4. NÁM OG KENNSLA

- Kennslustefna. Áhersla á eðli og umfang fjarnáms og upplýsingatækni í kennslu (HÍ21)
Ábyrgð: Aðstoðarrektr kennslu og þróunar.

Vinna við móttun kennslustefnu hefur staðið yfir veturinn 2017-2018 með aðkomu sérfræðinga og í samráði við kennslumálanefnd, kennslusvið, kennslunefndir fræðasviða, kennslustjóra og nemendur. Stefnt er að því að afgreiða kennslustefnuna og hefja innleiðingu hennar haustið 2018. Samhliða þessu er unnið að samþættingu stjórnar kennslumála. Þá hefur verið ráðinn verkefnisstjóri við þann hluta kennslustefnu er snýr að nýtingu upplýsingatækni, fjarnámi og endurmenntun.

- Greining og viðbrögð við brottfalli (HÍ21).
Ábyrgð: Fræðasvið og kennslusvið.

Fræðasvið og deildir hafa gripið til margvíslegra aðgerða til að draga úr brottfalli og bæta endurkomu- og brautskráningarhlufall nemenda. Til dæmis um slíkar aðgerðir má nefna bættu móttöku nýnema, skipulegt samstarf við nemendafélög, markviss samskipti við nemendur sem komnir eru fram yfir hámarksnámstíma, gerð handbóka um lokaritgerðir, efling ritvera, afnám lokaverkefna í grunnnámi, innleiðingu mentorakerfis, eflingu félags- og tengslanets nemenda, bættu nemendapjónustu og rannsóknir á ástæðum brottfalls, svo nokkuð sé nefnt. Ítarlegt yfirlit um stöðu mála er að finna í akkerisyfirliti stýrihóps HÍ21.

- Stuðningur við námsval nýnema (HÍ21).
Ábyrgð: Kennslusvið / náms- og starfsráðgjöf, aðstoðarrektr kennslu og þróunar, fræðasvið, markaðs- og samskiptasvið.

Ráðist hefur verið í ýmsar aðgerðir til að styðja við námsval nýnema, s.s. aukið og markvissara kynningarstarf fyrir framhaldsskólanema, fjölgun styrkja og innleiðingu Menntaverðlauna HÍ til að laða að fjölbreyttan hóp nemenda sem sýnt hafa afburða árangur í framhaldsskóla, veitingu afreksstyrkja m.a. til nemenda sem hafa íslensku ekki sem móðurmál, námsráðgjöf í gegnum netspjall til að ná betur til ungmenna, væntanlega innleiðingu áhugasviðsgreiningar á háskólavefnum sem styður við val á námsleið við hæfi, endurskoðun vefsins með aukinni áherslu á námsleiðir til að koma til móts við þarfir tilvonandi nemenda og eflingu Háskólahermisins.

- Umgjörð doktorsnáms.
Ábyrgð: Aðstoðarrektr vísinda.

Fyrir tilstuðlan Aldarafmælisjóðs HÍ var doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs HÍ fjölgað um 12 á árinu. Auk þess var ákveðið að doktorsstyrkjum fylgi framvegis ráðstöfunarfé, m.a. til að styðja við þátttöku doktorsnema í alþjóðlegu samstarfi. Stofnaður hefur verið „doktorsjóður styrktarsjóða“ úr óvirkum styrktarsjóðum sem ekki heyra undir einstök fræðasvið. Með viðbótarframlagi úr Aldarafmælisjóði er

stefnt að því að með hverjum doktorsstyrk fylgi 300 þús.kr. rekstrarfé. Einnig var ferðasjóður doktorsnema eflur, styrkjum fjölgað og þeir hækkaðir.

5. RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN

- Eftirfylgni með úttekt á matskerfi opinberu háskólanna.
Ábyrgð: Aðstoðarrektror vísinda.

Verið er að endurskoða mat á rannsóknum í kjölfar úttektar á matskerfi opinberu háskólanna. Verkefnisstjóri var ráðinn í lok árs 2017 og hefur hann unnið að verkefninu ásamt aðstoðarrektror vísinda og gæðastjóra. Hópurinn hefur einkum unnið að (1.) greiningum á gögnum úr umbunar- og hvatakerfum Háskóla Íslands, (2.) greiningu á umbunar- og hvatakerfi í evrópskum háskólum og umræðu í Evrópu um mat á störfum akademíks starfsfólks, (3.) kynningu á fyrstu hugmyndum að breyttu fyrirkomulagi, m.a. fyrir yfirstjórnendum, starfsnefndum háskólaráðs, fulltrúum kjarafélaga og á háskólabingi.

- Mat á rannsóknum endurskoðað (tengist eftirfylgni með úttekt á matskerfi opinberu háskólanna) (HÍ21).
Ábyrgð: Aðstoðarrektror vísinda.

Sjá umfjöllun um stöðu eftirfylgni með úttekt á matskerfi opinberu háskólanna hér að framan.

- Endurskoðun sjóðakerfis Háskóla Íslands (HÍ21).
Ábyrgð: Aðstoðarrektror vísinda, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs.

Eftirtaldir sjóðir hafa verið skoðaðir, breytingartillögur lagðar fram eða endurskoðun sett í ferli: (1.) Rannsóknasjóður HÍ (verkefnasjóður), (2.) Rannsóknasjóður HÍ (doktorsnámssjóður), (3.) Ferðasjóður doktorsnema/doktorssjóður styrktarsjóða (4.) Ritlauna- og rannsóknasjóður, (5.) Tilfærsla starfsþátta vegna árangurs í rannsóknum, (6.) Tækjakaupasjóður, (7.) Mótframlagasjóður, (8.) Sáttmálasjóður og (9.) sjóður sem stendur straum af kostnaði vegna rannsóknamissera.

- Áætlun um rannsóknainnviði (HÍ21).
Ábyrgð: Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs.

Þörf rannsakenda og faglegra eininga fyrir rannsóknainnviði hefur verið greind og unnið er að gerð áætlunar um eflingu þeirra. Spurningalisti var lagður fyrir akademíska starfsmenn og starfshópar á öllum fræðasviðum unnu ítarlega þarfagreiningu, auk þess sem aflað var annarra gagna um rannsóknarinnviði. Niðurstöður hafa verið greindar og drög að innviðaaætlun til 2021 kynnt á akkerisfundi 16. maí. sl.

6. VIRK ÞÁTTAKA Í SAMFÉLAGI OG ATVINNULÍFI

- Mótun fjölskyldustefnu (HÍ21).

Ábyrgð: Sviðsstjóri starfsmannasviðs

Starfsmannasvið skilaði í apríl sl. til rektors tillögu að fjölskyldustefnu HÍ og aðgerðaáætlun í 11 liðum. Stefnudrögin miða að því að HÍ sé fjölskylduvænn vinnustaður sem stuðli að jafnvægi milli atvinnu og einkalífs, óháð fjölskylduaðstæðum. Tillagan er til umræðu á vettvangi HÍ og er stefnt að því að hún verði lögð fyrir háskólaráð haustið 2018.

- Miðlun hagnýtra rannsókna og þekkingar til samfélagsins (HÍ21).

Ábyrgð: Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs.

Í anda HÍ21 er markvisst unnið að því að örva áhuga og þekkingu samfélagsins á mikilvægi vísinda. Þetta er m.a. gert með viðburðum, framleiðslu á sjónvarpsefni, myndböndum, texta fyrir vef HÍ og Tímariti HÍ auk öflugra fjölmiðlatengsla. Efni er einnig markvisst sett á samfélagsmiðla.

- Heilsuefling og íþróttaástaða (HÍ21).

Ábyrgð: Sviðsstjóri starfsmannasviðs.

Starfsumhverfiskannanir hafa ítrekað leitt í ljós að streita er útbreidd meðal starfsfólks HÍ (sjá „Úrvinnsla og eftirfylgni starfsumhverfiskönnunar 2016“ hér að neðan). Í kjölfar síðustu könnunar var ráðist í ítarlega greiningu á vandanum og gerð skýrsla með tillögum til úrbóta undir yfirskriftinni „Heilsueflandi vinnustaður“. Meðal tillagna skýrslunnar, sem unnið er eftir, er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum, m.a. með hreyfingu og líkamsrækt. Í íþróttahúsi HÍ hefur verið fjölgað skipulögðum tímum, boðið er upp á kyrrðar- og hugleiðslustund í kapellu Aðalbyggingar, útbúið hefur verið kort af göngu- og hlaupaleiðum á háskólasvæðinu og í nágrenni við það, starfsfólki Menntavísindasviðs er boðið upp á „jakkafatajoga“, útbúið hefur kort af göngu- og hlaupaleiðum í og við Stakkahlíð og settur upp á salatbar í Hámu. Starfsfólki sem kemur til vinnu á hjóli er boðin sturtuaðstaða í íþróttahúsi. Frekari aðgerðir eru fyrirhugaðar og verður m.a. aðstaðan í íþróttahúsi HÍ stækkuð á árinu.

- Nýr vefur Háskóla Íslands, einkum vísinda- og samfélagshlutar og ensk gerð vefsins (HÍ21).

Ábyrgð: Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs, aðstoðarrektorar.

Nýr vefur HÍ var tekinn í notkun árið 2017 og hefur verið í áframhaldandi þróun síðan. Nýr enskur vefur var tekinn í notkun vorið 2018. Höfuðáhersla nýja vefsins er að miðla upplýsingum um nám, til að laða að skólanum framúrskarandi nemendur og auðvelda framhaldsskólanemum námsval. Í vefnum er jafnframt lögð rík áhersla á miðlum vísinda, hagnýtra rannsókna og samfélagslega þætti.

- Komið upp formlegum ferlum og markvissri kynningu á hvernig innflytjendur geti nýtt háskólamenntun sína hér á landi (HÍ21).

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd háskólaráðs, jafnréttisfulltrúi.

Tekin hefur verið í notkun heimasíða í samstarfi við matsskrifstofu kennsluviðs með ítarlegum upplýsingum um hvernig staðið er að mati á fyrri námi og hvaða embætti bera ábyrgð á veitingu starfsleyfa. Gerður hefur verið verkferill um hvernig meta skuli nám flóttamanna sem ekki geta framvísað nauðsynlegum fylgiskjölum og reglulega eru haldnar kynningar hjá Rauða krossinum á námskeiði sem kallast „Welcome to Iceland“ þar sem menntakerfið og mat á námi er kynnt fyrir innflytjendum og flóttamönnum með þátttöku annarra hagsmunaaðila, s.s. félagsráðgjafa, Vinnumálastofnun og Reykjavíkurborg.

- Athygli beint að rannsóknum sem leiða til nýsköpunar og tengslum Háskólans við fyrirtæki og stofnanir (HÍ21).

Ábyrgð: Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs.

Stóraukin áhersla er lögð á nýsköpun og atvinnulífstengsl í fréttum á vefsvæði Háskóla Íslands, auk margvíslegs efnis sem miðlað er til fjöl- og samfélagsmiðla. Sérstök áhersla er lögð á framleiðslu vídeóefnis og viðburði. Vorið 2018 var sýnd þriðja þáttaröðin undir heitinu "Fjársjóður framtíðar" þar sem lögð er áhersla á efni sem tengist íslensku atvinnulífi og nýsköpun. Þá var haldin fjölsótt ráðstefna um hagnýtar doktorsrannsóknir í Hörpu í samstarfi við Landsbankann. Við áframhaldandi þróun vefs HÍ verður ennfremur lögð áhersla á þennan málaflokk.

- Úrvinnsla og eftirfylgni starfsumhverfiskönnunar 2016 (tengist fjölskyldustefnu, sbr. hér að framan).

Ábyrgð: Sviðsstjóri starfsmannasviðs.

Umfangsmikil starfsumhverfiskönnun var síðast lögð fram haustið 2016. Niðurstöður hennar voru kynntar bæði í heild og brotnar niður á starfseiningar á upplýsingafundum með stjórnendum og starfsfólki. Starfsfólk starfsmannasviðs og mannauðsstjórar fræðasviða sáu um greiningu, kynningu og eftirfylgni með niðurstöðum fyrir fræðasvið, deildir og stjórnýslu. Í október 2017 skilaði starfsmannasvið skýrslu með tillögum til úrbóta í 19 liðum á starfsumhverfi HÍ til að draga úr vinnuálagi og streitu starfsmanna. Skýrslan var tekin saman til að bregðast við niðurstöðum starfsumhverfiskönnunar háskólans 2012, 2014 og 2016 sem sýndu að álag og streita meðal starfsmanna væri mikil og viðvarandi.

- Framkvæmd og eftirfylgni málstefnu Háskóla Íslands.

Ábyrgð: Málnefnd Háskóla Íslands.

Málnefnd HÍ hefur unnið að því að kynna málstefnuna innan skólans. Í þeim tilgangi hefur formaður nefndarinnar farið á fund Stúdentaráðs ásamt fulltrúa stúdenta í

nefndinni og einnig á fund hjá stjórnnum flestra fræðasviða, ásamt fulltrúa viðkomandi sviða í málnefndinni þegar því hefur verið við komið. Þessir fundir hafa verið mjög gagnlegir og vonandi skilað árangri. Formaður hefur einnig haldið fund með nýjum sviðsstjóra upplýsingatæknisviðs og verið í sambandi við hann í tengslum við innleiðingu Office 365 til að leggja áherslu á að viðmót algengasta hugbúnaðar skuli vera á íslensku samkvæmt málstefnunni. Við umfjöllun í háskólaráði um verklagsreglur um ráðningarferli í akademísk störf var samþykkt tillaga formanns um að framvegis yrði vísað til málstefnunnar í starfsauglýsingum, eins og gert er ráð fyrir í stefnunni sjálfri. Þá hefur formaður sent ábendingar til ýmissa aðila innan skólans þegar málstefnunni hefur ekki verið fylgt í auglýsingum og hefur þeim athugasemdum undantekningarlaust verið vel tekið og eftir þeim farið.

7. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

- *Aurora University Network*. Samstarfsnet valinna evrópskra háskóla.
Ábyrgð: Rektor.

Aurora samstarfsnetið heldur áfram að festa sig í sessi. Hí hefur skipulagt þátttöku sína betur á liðnu starfsári, m.a. á vettvangi sérstaks stýrihóps innan skólans sem rektor leiðir. Þá var Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, nýlega kjörinn í stjórn samstarfsnetsins og er hann gjaldkeri. og Elísabet Brynjarsdóttir, formaður Stúdentaráðs, á einnig sæti í stjórn f.h. stúdenta. Haldnir voru tveir aðalsamstarfsfundir á starfsárinu, sá fyrri var í Norwich í nóvember og sá síðari í Essen í maí. Samstarfið fer að mestu fram í vinnuhópum um einstök mál, s.s. um nýmæli í kennslu, mat á samfélagslegum áhrifum rannsókna, jafnréttismál, sjálfbæra þróun o.fl. og eru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDG) höfð að leiðarljósi. Nemendur taka virkan þátt í starfi Aurora og eru sjónarmið þeirra fléttuð inn í alla vinnu netsins. Það er mat stýrihóps Aurora að samstarfið sé HÍ afar gagnlegt, ekki síst í tengslum við þróun og nýmæli í háskólastarfinu. Minnisblað um Aurora-samstarfið verður lagt fram í háskólaráði 7. júní 2018.

- Aðild að edX.
Ábyrgð: Aðstoðarrektor kennslu og þróunar, kennslumálanefnd háskólaráðs.

Háskóli Íslands bauð upp á fyrsta opna netnámskeið sitt (MOOC), *The Medieval Icelandic Sagas*, í edX samstarfsnetinu á vormisseri 2018. Námskeiðið þóttist takast vel í alla staði og var þátttaka mjög góð, en alls skráðu sig um fjögur þúsund og fimm hundruð einstaklingar í námskeiðið frá hundruð og átta löndum og meðalaldur þátttakenda var 37 ár. Rétt á annan tug einstaklinga komu að gerð og kynningu námskeiðsins innan HÍ frá Íslensku og menningardeild, Kennslumiðstöð, Menntavísindasviði, og markaðs- og samskiptasviði. Á vormisseri 2018 var auglýst eftir tillögum að nýjum opnum netnámskeiðum frá kennurum og öðru akademísku

starfsfólki HÍ. Alls bárust níu umsóknir um gerð netnámskeiða sem starfshópur um edX námskeiðin leggur mat á um þessar mundir.

8. GÆÐAMÁL

- Framkvæmd annarrar lotu gæðaúttekta skv. rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla (QEF2) 2017-2024. Á tímabilinu munu allar 25 deildir og tvær þverfræðilegar námsleiðir Háskóla Íslands fara í gegnum ítarlegt sjálfsmat og áætlað er að fram fari heildarmat á Háskólanum veturinn 2019-2020.
Ábyrgð: Gæðanefnd háskólaráðs, gæðastjóri.

Gæðanefnd háskólaráðs undirbjó sjálfsmat deilda vorið 2017 með því að útbúa ítarlegar leiðbeiningar, bæði á íslensku og ensku, og sniðmát fyrir sjálfa sjálfsmatsskýrsluna. Tvær deildir luku sjálfsmati í maí 2018, Íslensku- og menningardeild og Mála- og menningardeild. Þverfræðilega námsleiðin Umhverfis- og auðlindafræði stefnir að því að ljúka sjálfsmatsskýrslu haustið 2018. Þá munu fimm deildir til viðbótar hefjast handa og síðan koll af kolli fram til hausts 2020. Verkið fer vel af stað en nú eru námsleiðir í forgrunni. Þó að talsverð vinna hafi farið í verkið hjá þeim tveimur deildum sem lokið hafa sjálfsmatinu er það samdóma álit þeirra sem að því komu að vinnan hafi verið gagnleg og muni ótvírætt skila umbótum í starfi deildanna.

* Áherslumál HÍ21, Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021, eru auðkennd „HÍ21“.